

Bréf

Alþingi,
nefndasvið,
v/Austurvöll,
150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 07. apríl 2014
2014030038

Efni: Tillaga til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og um eflingu samstarfs við Evrópusambandið og Evrópuríki, 340. mál á 143. löggjafarþingi.

Þingsályktunartillagan var send Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 20. mars 2014.

Afstaða til aðildar að ESB hefur margoft verið til umræðu á vettvangi Bændasamtaka Íslands. Stefnumótun í málaflökknum er í höndum búnaðarþings. Búnaðarþing 2014 tók ofangreinda þingsályktunartillögu til umfjöllunar og ályktaði eftirfarandi undir fyrirsögninni ESB:

„Búnaðarþing 2014 ítrekar samþykktir fyrri þinga um andstöðu við aðild Íslands að Evrópusambandinu. Þingið telur að draga eigi aðildarumsókn Íslands til baka.“

Allt frá árinu 2009 hefur búnaðarþing á hverju ári samþykkt ályktanir sem lúta að umsókninni sem slíkri og yfirstandandi aðildarviðræðum. Árið 2009 sagði orðrétt í ályktun þingsins:

„Búnaðarþing 2009 leggst eindregið gegn því að Ísland gerist aðili að ESB og hafnar aðildarviðræðum við sambandið.“

Ekki þarf að rekja þá sögu frekar að um sumarið 2009 var á Alþingi samþykkt þingsályktunartillaga þess efnis að sótt yrði um aðild að Evrópusambandinu. Svofelld ályktun var síðan samþykkt á búnaðarþingi 2010:

„Búnaðarþing 2010 ítrekar andstöðu sína við aðild Íslands að Evrópusambandinu. Þingið lýsir fullum stuðningi við áherslur Bændasamtakanna og felur stjórn BÍ að gæta áfram hagsmuna bænda í hvívetna, vera áfram leiðandi í umræðu um áhrif ESB aðildar á landbúnað og byggja áfram á faglegri þekkingaröflun. Þingið brýnir jafnframt alla bændur og aðra velunnara íslensks landbúnaðar að taka þátt í umræðunni af fullum þunga.“

Efnisleg rök bændasamtakanna gegn aðild hafa ekki verið hrakin. Verði aðild að ESB að veruleika mun störfum í landbúnaði og tengdum greinum fækka stórlega en það leiðir til mikillar röskunar í byggðum þar sem landbúnaður er undirstaða atvinnu. Aðild mun einnig hafa verulega neikvæð áhrif á fæðu- og matvælaöryggi landsins. Þorri landsmanna er sammála bændum. Það endurspeglast í nýrri skoðanakönnun Capacent sem leiðir í ljós að rúm 84% þjóðarinnar telja að það skipti öllu eða miklu máli að vera ekki öðrum þjóðum háð um landbúnaðarafurðir. Aðildarumsókn Íslands að ESB skapar mikla óvissu í starfsumhverfi landbúnaðarins og dregur þróttinn úr nauðsynlegri endurnýjun og framþróun þann langa tíma sem umsóknarferlið mun standa. Í ljósi alls þessa er farsælast að stjórnvöld dragi aðildarumsóknina nú þegar til baka.

Ástæða er til þess að hafa miklar áhyggjur af hvernig stjórnvöld halda á hagsmunum þjóðarinnar í umsóknarferlinu. Íslensk stjórnsýsla er undirmönnuð og vanþiun til að takast á

við þetta verkefni eins og m.a. er vikið að í nýrri skýrslu framkvæmdastjórnar ESB um aðildarumsókn Íslands. Athyglisvert er að í áður nefndri skoðanakönnun Capacent treystir aðeins riflega fjórðungur þjóðarinnar stjórnvöldum vel til þess að halda á hagsmunum Íslands í þessu máli. Eins telur búnaðarþing ekki fullreynt að ná megi samkomulagi við ESB um samstarf í efnahags og peningamálum á grundvelli EES samningsins.

Búnaðarþing telur að fulltrúar samtakanna í samningahópum stjórnvalda þurfi að starfa þar áfram undir formerkjum þeirra varnarlína sem stjórn BÍ kynnti á formannafundi sl. haust. Áframhaldandi þátttaka í samningahópum felur ekki í sér ábyrgð á samningaferlimu. “

Málið var enn til umfjöllunar á búnaðarþingi 2011. Í ályktun þingsins segir orðrétt:

„Búnaðarþing 2011 ítrekar andstöðu sína við aðild að Evrópusambandinu. Miklir atvinnuhagsmunir bændastéttarinnar eru í húfi og telur þingið þessum hagsmunum betur borgið utan þess. Hagsmunir og afkoma bænda tengjast ótvírætt hagsmunum íslenskra neytenda og byggðum landsins. Búnaðarþing telur að fæðuöryggi þjóðarinnar verði því aðeins tryggt að fullu með því að Ísland standi utan sambandsins.

Drátt fyrir algjöra andstöðu Bændasamtakanna við aðild að Evrópusambandinu hafa þau frá upphafi dregið sérstakar varnarlínur sem þau telja að feli í sér lágmarkskröfur í yfirstandandi samningaviðræðum við Evrópusambandið. Bændasamtökin telja mikilvægt að hagsmunir íslensks landbúnaðar verði tryggðir, komi til aðildar og að hagsmunir bændastéttarinnar verði metnir í heild með hliðsjón af byggðasjónarmiðum, neytendamálum og fæðuöryggi. Þeim árangri er að mati Bændasamtakanna aðeins hægt að ná sé varnarlínur samtakanna fylgt. Bændasamtökunum er ljóst að markmið varnarlínanna falla misvel að grunnreglum Evrópusambandsins og erfitt getur verið að ná þeim fram. Bændasamtökin hafa margoft áður sett þessa afstöðu fram.”

Ályktun búnaðarþings 2012 ítrekaði kröfur um að varnarlínur BÍ yrðu virtar í aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins. Búnaðarþing 2013 lýsti síðan yfir stuðningi við starf Bændasamtaka Íslands og fulltrúa þeirra í samningahópum í ESB málum. Á þinginu voru varnarlínur Bændasamtakanna einnig áréttáðar og mikilvægi þess að þær yrðu áfram lagðar til grundvallar í gerð samningsafstöðu Íslands í aðildarviðræðunum. Þingið ítrekaði einnig andstöðu sína við inngöngu Íslands í Evrópusambandið og taldi að hagsmunum Íslands væri betur borgið utan ESB. Að lokum segir í ályktuninni frá 2013:

„Ljóst er orðið að Ísland verður að undirgangast sáttmála ESB og engar varanlegar undanþágur eru í boði, svokallaðar samningaviðræður eru einungis aðlögun að regluverki ESB. “

Að öllu framangreindu virtu var það niðurstaða búnaðarþings árið 2014 að draga beri umsókn um aðild að ESB til baka.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Erna Bjarnadóttir